



KNATTSPYRNUFÉLAG FJARÐABYGGÐAR

Fjarðabyggð - Þróttur Vogum

*2. deild karla*

Eskjuvöllur

21. ágúst 2019

# EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA LIÐIÐ



Landsbankinn  
Sparisjóður Norðfjarðar  
TM  
Olís  
Hamar  
Flugfélag Íslands  
Bílaleiga akureyrar  
Orkusalan  
Launafi  
Íslandsbanki  
Efla, verkfræðistofa

Icelandair  
Samhentir, umbúðalausnir  
Saltkaup  
Eimskip  
Egersund  
Arion banki  
VHE  
GP sónar  
Samskip  
Brammer  
Rarik

# FJARÐABYGGÐ - ÞRÓTTUR VOGUM

Komiði sæl. Í dag mætast Fjarðabyggð og Þróttur úr Vogum. Okkar menn töpuðu síðasta leik 2-0 á Ísafirði gegn Bjarna Jó og félagum. Alltaf gaman að ferðast endalaust til að uppskera ekki stig, eða þannig.

Í síðasta heimaleik var engu líkara en Fjarðabyggð léki handbolta gegn Kára þar sem leikar enduðu 7-4. Í viðtölum eftir leik sögðu menn að enginn skildi almennilega hvað gerðist, enda sjást svona tölur ekki á hverjum degi. Rannsakendur mega endilega kíkja á hvort þetta sé félagsmet hjá Fjarðabyggð í skoruðum mörkum í

## Fjarðabyggð

1. Milos Peric
2. Marinó Máni Atlason
3. Hafþór Ingólfsson
4. Milos Vasiljevic
5. Júlíus Óli Sefánsson
6. Nikola Kristinn Stojanovic
7. Guðjón Máni Magnússon
8. Jóhann Ragnar Benediktsson
9. Gonzalo Bernaldo Gonzalez
10. Ruben Ayuso Pastor
11. Jose Luis Vidal Romero
15. Hákon Huldar Hákonarson
16. Dusan Zilovic
17. Filip Marcin Sakaluk
18. Hafþór Berg Ríkarðsson
19. Oddur Óli Helgason
20. Bjartur Hólm Hafþórsson
21. Mikael Natan Róbertsson
22. Sveinn Marinó Larsen
23. Freysteinn Bjarnason
24. Hákon Þorbergur Jónsson
25. Stefán Bjarki Cekic

Þjálfari: Dragan Stojanovic

deildarkeppni, og þess utan, þá er liðið nú ekki vant því að fá á sig fjögur mörk og hvað þá á heimavelli.

Það er áhugavert að Þróttur úr Vogum skuli heita Þróttur, rétt eins og Þróttur úr Reykjavík. Það skal vera skýrt að Þróttur Nes er elsti Þróttur landsins og væri ekki skrýtið ef einhver myndi stofna Íþróttafélag í dag, t.d. á Vestfjörðum, og skíra það Stjörnuna? Svo er ekkert víst að Reykjavíkur-Valur sé eldri en Valur Rfj. þó að það hafi verið stofnað af presti.

En nóg af því og áfram Fjarðabyggð!

## Þróttur úr Vogum

1. Ivaylo Yanachkov (M)
4. Hrólfur Sveinsson
11. Nemanja Ratkovic
14. Alexander Helgason
16. Guðmundur Marteinn Hannesson
19. Ingvar Ásbjörn Ingvarsson
20. Enok Eiðsson
21. Gilles Daniel Mbang Ondo
25. Andri Hrafn Sigurðsson
27. Alexis Alexandrenne
44. Andrew James Pew

Varamenn:

12. Þórhallur Ísak Guðmundsson
5. Marko Blagojevic
8. Jón Gestur Ben Birgisson
9. Ragnar Þór Gunnarsson
22. Lassana Drame
24. Pape Mamadou Faye
33. Örn Rúnar Magnússon 11

Þjálfari: Úlfur Blandon

Ath. Miðað er við leikskýrslu síðasta leiks Vogamanna.

---

## LEIKMAÐUR Í NÆRMYND: GUÐJÓN MÁNI MAGNÚSSON

Að þessu sinni fáum við að kynnst Guðjóni Mána Magnússyni. Til gamans má geta að Guðjón er virkilega góður í að flauta og fær sér alltaf aukaost á pizzur. En hver er Guðjón?

**Aldur:** 20.

**Staða á velli:** Vængmaður, hægri eða vinstri.

**Uppeldisfélag:** HK fór síðan í Breiðablik.

**Hverjum kynntistu fyrst í liðinu?** Mikael Natan.

**Hver er myndnastur í liðinu?** Margir skora verulega hátt að mínu mati, en þykki held ég.

**Myndirðu vinna Dragan í bekkpressukeppni?** Fáir sem myndu gera það.

**Hver í liðinu eyðir mestum tíma fyrir framan spegilinn?** Mikael 100%.

**Með hverjum heldurðu í enska?** Manchester Utd.

**Uppáhalds fótboltamaður?** Cr7.

**Fyrir hvaða lið myndirðu aldrei spila?** Ábyggilega Völsung!

**Ertu með ávana fyrir leik?** Verð að hlusta á Superstition með mínum manni Stevie Wonder.

**Myndi Fjarðabyggð vinna Varg?** Klárlega.

**Eitthvað að lokum?**

Áfram KFF!!!

